

Ed.

### 473. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir á fundum sínum athugað frumvarp þetta og borið það saman við gildandi lög í þessu efni, sem að vísu eru orðin nokkuð gömul, eins og tekið er fram í greinargerð frumv., en til þeirra hefir verið vel vandað í fyrstu og menn hafa alment unað þeim þangað til nú, að nokkrir þingmenn í báðum deildum þingsins hefjast handa með tillögur til breytinga, en á nokkuð misjöfnum sviðum í deildunum.

Nefndin lítur svo á, að vel geti verið ástæður til að breyta í einhverjum atriðum áminstum laxveiðalögum frá 1886, og þá einkum í því, að skeyta við þau — í ítarlegri útfærslu — innihaldi því, sem felst í 5. gr. frumv., ef þá þætti betur hlýða að tengja það efni við laxveiðalögin sjálf heldur en að setja þar um sjerstök heimildarlög.

En til þeirra breytinga, sem frumv. fer fram á, — og ef til vill fleiri —, hyggur nefndin, að þurfi allverulega rannsókn og einnig eftirgrenslan um skoðanir laxveiðaeigenda og hjeraðsstjórna víðsvegar um land, snertandi þetta mál, sem ómögulegt er að fá á þeim stutta tíma, sem nú, væntanlega, mun eftir þingsetu að þessu sinni.

Af ofangreindum ástæðum leggur því nefndin til, að þessi háttv. deild afgreiði frumvarpið með svofeldri

### RÖKSTUDDRI DAGSKRA.

Í trausti þess, að stjórnin leiti áhlits og umsagnar sýslunefnda landsins um breytingar á laxveiðalögum frá 1886, og í því sambandi um heimildarlög um laxaklak, og leggi svo mál þetta fyrir Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. apríl 1923.

Guðm. Ólafsson,  
form.

Hjörtur Snorrason,  
fundaskrifari.

Sigurður Jónsson,  
framsögum.